

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Miðbraut 3, L203104, stækkun byggingarreits.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Miðbrautar 3, L203104. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. september 2025.

Deiliskipulag, Hæðarendi, spilda, L208527, og Hæðarendi, lóð, L168255, frístundabyggð í landi Hæðarenda.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til frístundahúsasvæðis í landi Hæðarenda. Um er að ræða skipulag á landskikunum Hæðarendi, spilda, L208527, og Hæðarendi, lóð, L168255. Skipulagssvæðið er í heild um 29,7 ha en þar af eru lóðir um 19,1 ha. Samtals er gert ráð fyrir 28 frístundahúsalóðum á skipulagssvæðinu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. september 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. nóvember 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 3. desember 2025